

Barnaheimilið Ós

Starfsskýrsla

2018 – 2019



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

1	Um Ós	4
1.1	Leiðarljós leikskólans:	4
2	Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2.1	Flutningarnir	5
2.2	Faglegi þátturinn	6
2.3	Aðlögun nýrra barna.....	6
2.4	Stafsólkið á Ósi.	7
3	Innra mat á Ósi	8
3.1	Mat á síðasta skólaári.....	8
3.1.1	Aðferðir.....	8
3.1.2	Nám barna og velferð.....	9
3.2	Áætlun næsta skólaárs	10
3.2.1	Ný námskrá.....	10
3.2.2	Dagskipulag.....	10
3.2.3	Sérkennslan	10
3.2.4	Áætlunargerð af ýmsum toga og verklag	10
3.2.5	Nýju persónuverndarlögin og nýtt tölvukerfi.....	11
3.3	Stutt greinargerð deildarstjóra Lóukjarna um starfið á síðasta ári	12
3.4	Áætlun Lóukjarna fyrir næsta ár.....	12
3.4.1	Aðlögun	12
3.4.2	Hópastarf.....	12
3.5	Stutt greinargerð deildarstjóra Kríukjarna um starfið á síðasta ári.....	13
3.6	Áætlun Kríukjarna fyrir næsta ár	13
3.6.1	Aðlögun	13
3.6.2	Frjálsi leikurinn	13
3.6.3	Hópastarf.....	13
3.7	Stutt greinargerð deildarstjóra Krummakjarna um starfið á síðasta ári	14

3.7.1	Aðlögun	14
3.7.2	Hópastarf.....	14
3.7.3	Markmið Krummakjarna síðasta vetur.....	14
3.8	Áætlun Krummakjarna fyrir næsta ár.....	14
3.9	Sérkennsla	15
4	Ytra mat	16
5	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	16
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
7	Foreldrasamvinna.....	17
8	Samstarf leik- og grunnskóla	18
9	Skipulagsdagar.....	18
10	Fylgigögn.....	19
10.1	Umsögn foreldraráðs.....	19
	Stjórn Barnaheimilisins Óss:	20

1 Um Ós

Barnaheimilið Ós er foreldrarekinn leikskóli í Litla Skerjafirði. Skólinn á sér langa sögu og var stofnaður af hugsjónaríkum foreldrum árið 1973. Upp frá því hefur skólinn verið rekinn af foreldrum í góðu samstarfi við menntað fagfólk og því hafa áherslur hans mótast af þörfum fjölskyldna og tíðaranda hvers tíma.

Með hugtakinu foreldrarekinn er ekki einungis átt við rekstrarformið með stjórn, starfsráði, stórfundum, starfsdögum og fleiru, heldur einnig að foreldrar og aðrir aðstandendur barnanna á hverjum tíma hafi tækifæri til að fylgjast með og móta starfsemina þannig að eðlilegt samhengi skapist á milli uppeldis á Ósi og heimili barnsins. Ábyrgðin er sameiginleg og með því móti gefast foreldrum möguleikar á stefnumörkun. Starfið á Ósi endurspeglar því vilja og áhuga foreldra og starfsfólks á hverjum tíma.

Við inngöngu á Barnaheimilið Ós verða barnið og foreldrar þess hluti af Ósfjölskyldunni. Eins og hjá öðrum fjölskyldum er gagnkvæm tillitssemi. Virðing og traust allra fjölskyldumeðlima og fagleg sýn starfsfólksins alls grundvöllurinn að því góða samstarfi sem gerir Barnaheimilið Ós að þeim frábæra skóla sem hann er og hefur verið alla tíð.

1.1 Leiðarljós leikskólans:

Einkunnar orð Ós eru:

Vinátta og virðing

Hornsteinar Ós eru:



2 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Síðasta skólaár var ansi viðburðaríkt hjá Barnaheimilinu Ósi. Ós kvaddi litla gula húsið á Bergþórugötunni og flutti sig á Skerplugötu 1 í Litla Skerjafirði. Barnaheimilið hafði verið á Bergþórugötunni frá því 1986 og voru böndin orðin sterk hjá bæði starfsfólki og þeim foreldrum sem að fylgt höfðu Ósi í einhvern tíma. Fyrir börnin var þetta einnig nokkuð undarlegt og tók þau nokkurn tíma að átta sig á að stóra húsið á Skerþugötunni væri líka Ós en það hjálpaði mikið að allt starfsfólkið sem byrjaði á nýja staðnum hafði einnig verið á Bergþórugötunni. Einnig má þakka foreldrum fyrir að hafa undirbúið börnin vel. Það var þó einn nýr starfsmaður og það var sú sem þetta ritar, leikskólastjórinn. Það má segja að Ós hafi að einhverju leiti verið núll stilltur og margt sem nýr staður og nýr leikskólastjóri komu með inn í starfið. Það eru þó sömu góðu gildin sem að Barnaheimilið Ós stendur fyrir sem enn eru í forgrunni og hafa verið aðal leiðarljósið í allri endurskoðun á þáttum starfsins.

Á Ósi eru þrír kjarnar. Lúkajarni er á neðstu hæðinni en þar eru yngstu börnin, á annarri hæðinni er Krúkajarni, og svo eru elstu börnin á Krummakjarna.

2.1 Flutningarnir

Við flutningana var farið í gegnum allar eigur skólans, farið yfir það sem að bæta mátti og það sem þótti nægilega gott til þess að hafa áfram í starfinu. Í húsinu hafði verið rekinn leikskólinn Mýri og mikið var eftir af efni frá honum og ljóst var að mikil vinna var fram undan. Foreldrar höfðu séð um flutninga á milli húsa og voru sum herbergi fullt af efni og húsbúnaði. Kjarnastjórar og annað starfsfólk fóru yfir þetta allt saman og voru leikföng metin, þrífín og endurnýjuð. Stefnt var að því að gera umhverfið á kjörnum og öllum leikskólanum heimilislegt og notalegt. Leikföngin sem að haldið var eftir voru þau sem að bjóða upp á sem mesta möguleika í leik, sem sagt mikið um opin efnivið en einnig leikföng sem að henta hverjum aldri. Til dæmis þótt okkur nauðsynlegt að halda eftir dóti sem ýtir undir eftirhermuleik hjá yngstu börnunum og síðan leikefni sem að styður við sjálfspróttinn leik þeirra sem að eru eldri. Foreldrar komu svo á vinnudegi og hjálpuðu til við að vinna starfsfólkið í gegnum þetta og farnar voru ófáar ferðir í Sorpu.

Gífurlega mikið pappírslóð og skrifstofu efni þurfti einnig að fara í gegnum bæði vegna þess að mikið kom frá Bergþórugötunni, og hafði þó starfsmaður farið í gegnum það allt og hent miklu magni, og einnig var mikið eftir af efni frá Mýri. Það var því nóg að gera hjá leikskólastjóranum að fara í gegnum þetta allt, læra á menningu skólans, kerfin sem notuð eru, fjármálinn og margt fleira og sat hún í pappakassavirki langt fram eftir hausti.

2.2 Faglegi þátturinn

Fylgipættir flutningsins og að um leið tók nýr leikskólastjóri við, tóku mikinn tíma og orku frá starfinu og líklegast má gera ráð fyrir því að út þetta ár munum við enn vera að koma okkur fyrir. Þrátt fyrir þetta gafst okkur tími til þess að fara yfir faglega starfið á Ósi. Í byrjun fóru kjarnastjórar yfir það sem einkenndi starfið og nýi leikskólastjórinn yfir sínar faglegu áherslur og starfssögu. Eftir það var farið að sameina þessa þætti. Barnaheimilið Ós hafði fyrir nokkrum misserum starfað eftir Hjallastefnunni og má segja að kjarni fóstanna væru hálfgerðir hjallakennarar. Ákveðið var þegar skólinn hætti að kenna sig við Hjallastefnuna að halda eftir nokkrum þáttum sem einkenna þessa stefnu og þá aðallega þá virðingu sem við sýnum hvert öðru og áherslu á jákvæð samskipti allra sem að koma að Ósi. Deildarnar eru enn kjarnar og kjarnastjórar sjá um utanumhald faglegs starfs á kjörnunum. Þessum þáttum verður enn haldið á lofti og svo auðvitað sérstöðu skólans þar sem allt er miðað út frá fjölskyldum barnanna og samstarfinu milli starfsmanna, foreldra og annarra aðstandenda og auðvitað barnanna.

Leikskólastjórinn er búinn að koma víða við en síðustu ár hefur hann verið waldorfkennari og starfað eftir hugmyndum Rudolfs Steiner. Það sem að hún vildi leggja áherslu á í byrjun var að umhverfið væri sett þannig upp að börnunum þætti gott að koma á Ós og fyndu fyrir öryggi. Einnig fór hún í að kynna kenningar í sambandi við sjálfspróttinn leik barna, mikilvægi hans og aðferðir til þess að styðja við hann. Sérstakar valstundir voru teknar út og unnið að því að finna tíma fyrir leikinn í dagskipulaginu.

Nánasta umhverfi Ós á nýja staðnum býður upp á mikla möguleika og ákveðið var að nýta það til þess að ýta undir starfið í skólanum og þá sérstaklega í læsikennslu.

Þessi vinna er enn í gangi.

2.3 Aðlögun nýrra barna

Þegar skólaárið hófst þá voru þrettán börn á Ósi og að auki fjögur börn sem fóru svo fljótlega í aðra skóla. Það var sem sagt snemma ljóst að aðlögunin yrði nokkuð strembinn. Ekki var mikið um umsóknir frá eldri börnum og því yrði álagið á yngsta kjarnann mikið. Litið var yfir aldur barnanna, hópnum skipt upp í 3 hópa og ákveðið að aðlögunar tímabilin yrðu þrjú bæði vegna þess að börnin færu nánast öll á yngsta kjarna og einnig hversu mörg þau væru. Aðlögunin fór sem sagt fram í ágúst síðan í nóvember og síðast í janúar. Þetta tókst að mestu leiti og gekk aðlögunin í grunninn mjög vel enda vant fólk að verki og vel var gætt að því að álagið yrði sem minnst á börnin sem voru fyrir. Alls byrjuðu tuttugu börn á Ósi á síðasta vetri og er það nokkuð afrek hjá ekki stærri skóla.

Í byrjun skólaárs voru aðeins tveir kjarnar á Ósi en þegar ný börn komu á leikskólann í nóvember fóru elstu börnin á efstu hæðina og Krummakjarni varð til.

2.4 Starfsfólkið á Ósi.

Eins og áður sagði starfaði allt starfsfólkið sem byrjaði á Skerplugötunni á Bergþórugötunni og voru það sex fóstrur og eldhússtýran. Það skipti sköpum í því ferli sem að fólst í aðlögun í nýju húsi.

Yfir veturinn byrjuðu svo tveir nýir starfsmenn og einnig kom einn starfsmaður í afleysingar í nokkrar vikur en það var fyrrverandi leikskólastjóri á Ósi og var hún ómetanleg hjálp fyrir leikskólastjórnann sem ekki hafði mikla reynslu af stjórnun.

Í byrjun árs var ljóst að tveir kjarnastjórar færu í mastersnám í Menntunarfræðum leikskóla og aðlagð þurfti starfið að því að einhverju leiti vegna staðarlota og vettvangsnáms. Foreldrar komu og sinntu afleysingum og kom þá enn og aftur í ljós hversu gott er að vera í þessu dýrmæta samstarfi við foreldrana.

Veikindi settu einnig svip á síðasta ár og fóru þrír starfsmenn í löng veikindafrí. Einnig herjuðu á okkur flensur og annað tilheyrandi. Leikskólastjórinn þurfti því mikið að starfa sem afleysing bæði inni á kjörnum og í eldhúsi.

3 Innra mat á Ósi

3.1 Mat á síðasta skólaári

Vinna við gerð nýrrar námskrár byrjaði á síðasta vetri og snýst innra mat á starfi og áherslum leikskólans að mestu um það ferli. Ekki hefur verið gerð námskrá síðan skólinn starfaði eftir Hjallastefnunni og er því mikil endurskoðun í gangi þar sem allt starfið er í raun metið úr frá sögu skólans og einnig út frá hugmyndum bæði starfsmanna og foreldra.

Aðalmarkmið Ós fyrir síðasta vetur voru:

- Byrja á nýrri námskrá og endurskoða aðaláherslur skólans
- Gera dagskipulag sem að samræmast gildum skólans
- Fara af stað með áætlun fyrir tvítyngd börn og börn með annað tungumál en íslensku
- Hrista saman starfsmannahópinn og samræma faglegar áherslur
- Koma okkur vel fyrir á nýja staðnum

3.1.1 Aðferðir

Á starfsmannafundum lagði leikskólastjóri áherslu á að allir starfsmenn tækju þátt í gerð nýrrar námskrár. Mikilvægt er að allt starfsfólkið fái sína rödd í námskránni til þess að hún tali til alls starfsfólks á hverjum tíma. Fyrsta verkefnið sem að starfsfólkið fékk var að gera sér grein fyrir hvað það er sem Ós stendur fyrir í þeirra huga, skrifa það niður og senda til leikskólastjórans.

Á kjarnastjórafundum var síðan farið dýpra inn í menningu skólans og kjarnastjórar greindu frá þeirri vinnu sem að átt hafði sér stað í sambandi við stefnumótun og áætlanagerð.

Einnig leitaði leikskólastjóri til þeirra foreldra sem að höfðu verið lengi á Ósi og fékk þeirra sögu og hugmyndir.

Eftir þessa upplýsingasöfnun fór leikskólastjórinn að greina það sem hann hafði lært og gera grunn að endurskoðun á leiðarljósi skólans, einkunnarorðum og hornsteinum.

Hver kjarni gerði sitt dagskipulag og ákveðið var að endurskoða þau og samræma á næsta skólaári þegar endurmat á áherslum skólans væru komnar vel á veg.

Haft var samband við Þjónustumiðstöð Miðbæjar, Vesturbæjar og Hlíða og beðið um aðstoð við kennslu barna með tvítyngi. Ekki var haft samband við okkur til baka fyrr en um vorið og er stefnt að því að hefja samstarf við Miðstöð máls og læsis og fá leiðsögn frá þeim.

Á Ósi er sterk hefð fyrir því að starfsmannahópurinn hittist fyrir utan vinnutíma og geri sér glaðan dag. Sett var á laggirnar skemmtinefnd og var ýmislegt gert til þess að hrista saman hópinn.

Eins og segir í greinagerðinni hér að ofan þá gengu flutningarnir ágætlega fyrir sig en eftir á að hyggja þá tóku þeir alltof mikinn tíma frá starfinu á Ósi og hefði starfsfólkið þurft miklu meiri tíma til þess að koma sér vel fyrir í húsinu og kynna nýjum leikskólastjóra. Þetta og mikil veikindi höfðu nokkur áhrif á framvindu faglega starfsins í skólanum og kom meðal annars í veg fyrir að markmiðin sem lagt var upp með í byrjun skólaársins næðust.

3.1.2 Nám barna og velferð

Á Ósi var mikið um tvítyngd börn og einnig voru þrjú börn með íslensku sem annað eða jafnvel þriðja tungumál og fór starfsfólk að sanka að sér vitneskju um stuðning við þau börn. Haft var samband við sérkennslufulltrúa hjá Reykjavíkurborg og leitað ráða hjá þeim. Tilnefndur var sérkennslufulltrúi úr starfsmanna hópnum og í samstarfi við hana var farið í að skrá stafsmaninn til þátttöku í námskeiðum og fyrirlestrum. Því miður komst hún aðeins á eitt námskeið vegna mikillar manneklu. Það námskeið var um fjölmenningu í skólasamfélaginu og opnaði það augu okkar fyrir ýmsu í okkar umhverfi sem að unnið verður með áfram á þessu ári. Sérstaklega fannst henni mikilvægt að huga að foreldrum sem að koma frá menningu sem er ólík okkar. Einnig fannst okkur merkilegar hugmyndir sem snúast um að allir innan skólans finnist þeir jafn mikilvægir aðilar í starfinu og finnist þeir velkomnir hvort sem þeir séu börn, starfsmenn eða foreldrar.

Ákveðið var að leggja áherslu á möppur barnanna og gera greinamun á ferilmöppum og þeirri sem að snýr að einstaklingsnámskrá hvers barns. Farið var yfir hvað átti að vera í hverri og kjarnastjórar hvattir til að virkja starfsfólkið á kjörnum í að safna efni í möppurnar. Leikskólastjórinn benti starfsfólkinu á að þegar börnin eru í leik er gott að sitja hjá þeim og skrifa hjá sér það sem fer fram, rita niður framvindu leiksins á hlutlausan hátt. Þannig fást dýrmætar upplýsingar bæði um félags þroska þeirra og hvar þau eru stödd í mál þroska ásamt ótal fleiru. Einnig var starfsfólkið hvatt til þess að hvetja til samræðna við matarborðið og gæta þess að öll börnin fái tíma til þess að tjá sig ef þeim langar. Þannig fást mikilvægar upplýsingar um ýmislegt sem að lítur að málþroska þeirra og almenna stöðu.

Ekki fór fram nákvæmt mat á þessum þáttum. Starfsfólk og leikskólastjóri lærðu til dæmis að bæta má skipulagningu og upplýsingaflæði til starfsmanna á kjörnum í þessu sambandi.

3.2 Áætlun næsta skólaárs

Stefnt er að því að halda áfram því starfi og þeim markmiðum sem sett voru fyrir næsta ár ásamt að koma af stað áætlana og verklagsgerð.

3.2.1 Ný námskrá

Á starfsmannafundum verður farið yfir þá vinnu sem að gerð hefur verið. Hornsteinar leikskólans verða krufðir niður og séð til þess að það sem kemur fram í námskránni endurspegli sögu leikskólans, menningu og hornsteina. Stefnt er að því að skipta starfsmönnum upp í hópa sem vinna hvern þátt fyrir sig og koma með hugmyndir. Einnig fá foreldrar sína rödd í vinnunni og stefnt að því að sérstakur hópur verði skipaður og mun hann koma að námskrágerðinni með einum eða öðrum hætti.

Leikskólastjóri og kjarnastjórar hafa svo faglega stjórn á öllu ferlinu.

3.2.2 Dagskipulag

Dagskipulag hvers kjarna eru komin vel á veg og verða þau í stöðugri endurskoðun á meðan námskrágerð er í gangi. Lögð verður áhersla á að samræma vinnuna á milli kjarna svo samfella myndist á milli þeirra. Einnig verður sett niður ákveðin vikuhrynjandi þar sem ákveðin verkefni eiga sér sinn dag í vikunni. Það er mjög mikilvægt að dagsskipulagið endurspegli það sem að skólinn stendur fyrir því að eftir þeim vinnur starfsfólkið daglega.

3.2.3 Sérkennslan

Unnið verður áfram með Miðstöð máls og læsis í sambandi við starf með tvítyngdum börnum. Einnig verður farið yfir það sem að starfsfólkið getur gert í sínu daglega starfi. Farið verður yfir sönglög skólans og séð til þess að þar séu lög sem að ýta undir málþroska. Í því sambandi verður litið til þess að hafa einföld lög þar sem að hugtök koma skýrt fram en einnig flóknari lög sem að eru í takt við það sem að gerist í umhverfi barnanna, til dæmis eins og árstíðirnar. Lögin verður að endurtaka reglulega yfir ákveðin tíma til þess að börnin nái merkingunni á heildrænan hátt.

Lögð verður áhersla á sögustundir þar sem bæði er lesið af bók og einnig sagt sögur þar sem ekki er stuðst við texta. Það er einnig mikilvægt að endurtaka hverja sögu reglulega til þess að börnin fái tíma til þess að velta innihaldi og meiningu sögunnar fyrir sér. Þetta leiðir síðan til þess að börnin ná betur hugtaka merkingu þeirra orða sem að eru þeim erfið og þannig bæta við orðaforða sinn og skilning.

3.2.4 Áætlunargerð af ýmsum toga og verklag

Endurskoða þarf nánast allar áætlunargerðir skólans og er sú vinna nú þegar vel á veg komin.

Leikskólastjóri hefur fengið bæði starfsfólk og foreldra til þess að taka þátt í þessari vinnu. Foreldri hefur verið kosin af foreldraráði sem öryggisfulltrúi og mun hann ásamt einum starfsmanni fara yfir öryggis mál skólans og fara yfir reglur og annað sem því tengist. Trúnaðarmaður starfsmanna skólans,

sem er foreldri, og svo annað foreldri munu sjá um eineltis og jafnréttis áætlanagerð.

Leikskólastjórinn er að fara yfir allt verklag á Ósi, allt frá notkun á þvottavél til vakta starfsfólks.

3.2.5 Nýju persónuverndarlögin og nýtt tölvukerfi

Stefnt er að því að vinnan við að aðlagja skólann að nýju persónuverndarlögunum klárast á þessu ári og hefur leikskólastjóri fengið foreldri sem er laganemi sem þekkir nýju lögin til samstarfs við sig.

Einnig er kerfisfræðingur foreldri við skólann og mun hann hjálpa henni við að koma nýju tölvukerfi í gang og sjá til þess að allar upplýsingar sem að geymdar eru í tölvunni séu öruggar og í samræmi við lög.

3.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Lóukjarna um starfið á síðasta ári

Aðlögun nýrra barna var fyrirferðarmikil á síðasta ári á Lóukjarna og voru 20 börn í aðlöguð á þremur tímabilum. Hver aðlögun gekk vel og í mars voru öll börnin búin að koma sér vel fyrir á kjarnanum.

Það sem starfsfólk lagði upp með í byrjun var að gera umhverfið sem þægilegast og að sami hrynjandi væri í deginum þannig að börnin myndu fyrir öryggi sem er undirstaða þess að þau dafni á Ósi. Einnig var lög mikil áhersla á söngstundir því að þær hjálpa mikið til við að láta börnin gleyma stund og stað og aðlagast bæði nýju fólki og nýju umhverfi. Það gekk vel að ná þessum þáttum inn en áætlað er að halda þessari þróun áfram.

Einnig var lagt upp með að gera matmálstíma að meiri gæða stundum en ekki náðist almennilega að klára það verkefni vegna mikilla veikinda á kjarnanum.

3.4 Áætlun Lóukjarna fyrir næsta ár

3.4.1 Aðlögun

Mikið var um að vera í aðlögun á Lóukjarna síðasta vetur og því var ákveðið að fara hægar af stað þetta árið. Fjögur börn verða í aðlögun fyrir jól en ekki er séð hvað mörg pláss verða í boði í janúar en það fer eftir því hvernig gengur að manna leikskólann eftir áramót.

3.4.2 Hópastarf

Í byrjun vetrar verður farið yfir rýmið á Lóukjarna og skipulagt hópastarf og gerðar lagfæringar á dagskipulagi samkvæmt því.

- Lögð verður áhersla á listsköpun sem að örvar skynfærin á ljúfan hátt og tekið mið af stöðu og aldurs yngstu kríllanna. Aðferðin blaut í blaut og fingra málun eru dæmi um slíkt. Einnig verður reynt að notast það sem að hægt er að finna úti í náttúrunni.
- Gætt verður að því að börnin geti haft góðan aðgang að efni í eftirhermuleik daglega og umhverfið á kjarnanum skipulagt samkvæmt því.
- Tekin verður upp Könnunarleikurinn og var byrjað að safna efni í hann í vor. Stefnt er að því að starfsfólk fái kynningu á leiknum.

Einnig verður stefnt að því að halda áfram á þeirri leið sem að byrjað var á á síðasta vetri. Það er að segja að halda áfram að þróa góða samverustundir með því að gera vikuplön fyrir sögur, söngva, þulur og leiki og svo gera markvissari vinnu í sambandi við matmálstíma.

3.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Kríukjarna um starfið á síðasta ári

Andrúmsloftið var gott á síðasta vetri á Kríukjarna. Þegar að elstu börnin fóru upp á Krummakjarna í nóvember var farið að einbeita sér að faglega starfinu eins og kostur var því enn voru börn að koma og fara af deildinni því að í janúar var þriðja og síðata aðlögunar tímabilið á Lóukjarna og einkenndist því veturinn dálítið af aðlögun á Kríunni.

Valið var tekið af dagskrá og fóru starfsmenn í að finna pláss í dagskipulaginu fyrir frjálsa leikinn eða sjálfsprottna leik. Kjarnastjóri og leikskólastjóri stjórna þeirri vinnu og var byrjað á því að fara yfir umhverfið og leikföngin sem að voru til á kjarnanum.

Gekk þetta starf vel og stefnt er að því að fræðast enn meir um gildi sjálfsprottns leiks hvernig styðja má við hann.

3.6 Áætlun Kríukjarna fyrir næsta ár

3.6.1 Aðlögun

Fjögur börn koma á Kríukjarna frá Lóukjarna og fjögur fara upp á Krumma.

3.6.2 Frjálsi leikurinn

Á Kríukjarna er stefnt að því að fara vel yfir frjálsa leikinn með áherslu á hinn sjálf sprottna leik.

Starfsfólkið í öllum skólanum mun fá fræðslu frá leikskólastjóranum um aðferðir og hugmyndfræðina á bak við hugtakið.

3.6.3 Hópastarf

Hætt var að hafa val á Ósi og er enn verið að aðlaga bæði starfsfólk og dagskipulagið að því og mun þeirri vinnu ljúka um haustið. Einnig verður farið vel yfir dagskipulagið með það í huga að ákveðin hrynjandi skapist í því.

Lögð verður áhersla á:

- Frjálsa leikinn
- Handavinnu
- Vettvangsferðir

3.7 Stutt greinargerð deildarstjóra Krummakjarna um starfið á síðasta ári

3.7.1 Aðlögun

Þrjú börn hættu á Krummakjarna og fjögur börn byrja á kjarnanum og koma þangað upp frá Kríukjarna.

3.7.2 Hópastarf

Þegar Ós flutti á Skerpugötuna þá sáum við strax hversu mikla möguleika umhverfið hefur upp á að bjóða. Hér er fjaran stutt frá, Vatnsmýrin einnig með öllum sínum fuglum, flugvöllurinn sem er mjög spennandi, mikið um byggingasvæði og miðbærinn ekki svo langt frá þar sem hægt er að lenda í allskonar ævintýrum. Margar hugmyndir kviknuðu út frá umhverfinu og er ein þeirra að nota umhverfið í læsiskennslu. Byrjað var á því á síðasta skólaári að fara í vettvangsferðir með það í huga að koma með það sem börn og kennarar upplifa heim á Ós. Þó að hægt væri farið af stað þá myndaðist vísir að því sem að við erum að móta í læsi stefnu skólans.

3.7.3 Markmið Krummakjarna síðasta vetur

Ákveðið var að fara yfir skráningu á vettvangi. Fara yfir ferilmöppur og einstaklingsnámskrár og sjá til og miðla til starfmanna hvernig skráning fer fram.

Eins og áður hefur verið sagt þá býður umhverfi Ós upp á mikla möguleika og er markmiðið að leggja mikla áherslu á vettvangsferðir og göngutúra. Í þessum ferðum skapast mikil tælfæri á að efla læsi barnanna. Stefnt er að því að vinna með læsi á umhverfið og eins og áður hefur verið sagt inn í lestrar kennslu.

3.8 Áætlun Krummakjarna fyrir næsta ár

Á Krummakjarna eru kröftugir krakkar sem að þurfa mikla hreyfingu og á Ósi er fínt svæði fyrir hreyfingu í salnum okkar á kjallaranum. Nokkrir starfsmenn eru góðir jógar og munu þeir vinna að því að setja upp hreyfingaráætlun og munu þau byrja á Krummakjarna og yfirfæra svo áætlunina á Kríu og Lóukjarna. Á haustmánuðunum mun svo salurinn vera uppfærður keyptar íþróttadýnur á gólfín og settur upp klifurveggur.

Einnig verður lögð áhersla á handavinnu og sérstaklega með elstu börnunum á kjarnanum. Smíðaðir verða bátar, greinar tálgaðar og vefuð lítil teppi svo eitthvað sé nefnt.

Þessu vinna sem að nefnd er hér að ofan er svo sett inn í vikuskipulag þar sem dagskipulagið er skýrt frekar sem verið er að samræma við gildi skólans og aðra kjarna.

Að lokum verður haldið áfram með þau verkefni sem að byrjað var á síðasta vetur og þau endurskoðuð og bætt.

3.9 Sérkennsla

Engin eiginleg sérkennsla fór fram á Ósi og engin sérkennslustjóri er starfandi í skólanum. Skipaður var sérkennslufulltrúi en hún fékk því miður ekki nægilegan tíma eða rými til þess að byrja á starfinu og er nú hætt á Ósi og fór í nám erlendis. Gert er grein fyrir sérstöku liðum sem varða sérkennslu í ofar í kafla 3.1.2.

4 Ytra mat

Fulltrúar frá SFS komu á haustdögum og fóru yfir starfið með leikskólastjóra. Þær fóru yfir skyldur skólans og nýja stjórans í sambandi við nýjan þjónustusamning og skoðuðu skólann. Bent var á að ýmislegt ætti eftir að gera og leggja þyrfti áherslu á skýrslu og námskrágerð. Einnig vantar ýmsar áætlanir og kom í ljós að í raun þyrfti að endurskoða alla þætti skólans.

Einnig komu aðilar frá eldvarnareftirlitinu og heilbrigðiseftirlitinu og gerðar voru smávægilegar breytingar út frá niðurstöðum skoðana þeirra. Haft var samband við Hverfamiðstöðina á Eggertsgötu og gerð grein fyrir því sem þurfti að laga sem er í þeirra umsjá. Laga þurfti brunahólfshurðar svo þær lokuðust betur og teknir niður hurða stopparar þar sem þeir áttu ekki að vera. Einnig var búið að mála þriðju hæðina og gerð áætlun um að mála restina af húsinu og þá aðra hæðina nú í sumar. Leiktæki á útisvæði voru löguð og gerðar ýmsar öryggisbætur um allt hús.

Eldhúsið var tekið sérstaklega fyrir og eru í gangi endurbætur á öllum öryggis og hreinlætis málum þar. Til dæmis er verið fara yfir öryggis áætlanir í sambandi við meðhöndlun á matvælum og hreinlætis áætlun var gerð þar sem kemur fram það sem þarf að þrifa og hvernær af eldhússtarfsmanni.

Öryggisreglur Ós voru gerðar og tóku þær tillit til nær allra þátta í daglegu starfi skólans. Út frá þeim var svo gerð brunaáætlun og aðrar eru í vinnslu eins og slysa áætlun og fleiri.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Eins og áður sagði í kafla 3.2.3. þá var haft samband við þjónustumiðstöðina til þess að fá aðstoð og leiðbeiningar með kennslu barna með annað móðurmál en íslensku og tvítyngd börn en það mál fór ekki langt. Næsta skref var að hafa samband við Miðstöð máls og læsis og komu hingað þrjár konur sem fóru yfir málið með okkur og áætlað er að vinna að þessum málum með fullum þunga næstu misseri.

Á Ósi fá allar nýjar fjölskyldur stuðnings fjölskyldu sem að leiðir þær í gegnum menningu skólans og skyldur foreldra. Þegar um foreldra sem að eru af erlendum uppruna er lögð sérstök áhersla á leiðsögnina og sér stuðningsfjölskyldan um að upplýsingar nái að komast til þeirra.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtöl verða tvennskönar í vetur. Annarsvegar þá mun stjórnin taka viðtöl við starfmenn sem að snúa að launum þeirra, aðbúnaði og samstarfi við leikskólastjóra. Hinsvegar mun svo leikskólastjóri taka starfsþróunarsamtal við starfsfólkið og fara yfir líðan þess í daglegu starfi, hvernig þeim gengur faglega og farið verður yfir væntingar þeirra og óskir.

Eins og er þá eru kjarnastjórnarnir tveir í mastersnámi og gefst því ekki mikið rými til þess að senda annað starfsfólk á námskeið. En áætlað er að bæta úr þessu og þá horfa sérstaklega til sérkennslupátta eins og málörvun og hegðunarkennslu.

Áætlað er að farin verði starfsmannaferð í byrjun sumars og er stefnt að því að fara til Englands og færðast um sagnagerð og útikennslu.

7 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er eins og gefur að skilja í hávegum höfð á Barnaheimilinu Ósi. Allir foreldrar sem eru partur af Ósfjölskyldunni taka þátt í rekstri skólans á einhvern hátt. Stjórn sem skipuð er fimm foreldrum hverju sinni sér um rekstur og faglega stjórnun í samvinnu við leikskólastjóra og annað starfsfólk skólans.

Stórfundir eru haldnir einu sinni í mánuði meðan skólinn er opin nema í desember og svo júní.

Á fundunum gerir leikskólastjóri grein fyrir starfinu og kemur skilaboðum til foreldra. Einnig er farið yfir það sem er framundan, kosið í nefndir og stjórn og rætt um ýmsa þætti sem koma að leikskólastarfinu. Þar á meðal eru rædd faglegar áherslur og ákvarðanir teknar í samræmi við leikskólastjóra á þeim vettvangi.

Kosið er í stjórnin leikskólans í janúar ár hvert og skipt þá um tvo til þrjá fulltrúa í hvert skipti. Stjórnin hefur aðalumsjón með rekstri skólans ásamt því að sinna starfi foreldararáðs og foreldrafélags.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári og er stefnt að því að halda þá í nóvember og svo febrúar hvert ár.

Vinnu dagar foreldra eru tveir á ári að hausti og vori. Þar koma foreldrar og vinna ýmis verk sem að tilfallandi eru bæði inni og úti. Lagað er til í garðinum og farið yfir leiktæki, sett niður fræ og spírur í matjurtargarðinn að vori og tekið upp að hausti. Einnig eru unnin ýmis verk inn í húsinu til dæmis eins og hengja upp hillur og fleira, lagað til geymslum, flokkað efni leikskólans og ýmislegt annað.

Á Ósi er hefð fyrir því að bæði starfsfólk og foreldrar geri sér glaðan dag saman haldin eru haustpartý og árshátíðir og svo fara allir saman í sumarbústaðaferð að vori. Þessi samvera er öllum sem að koma Ósi mjög dýrmæt og gefur tímanum sem að börnin eru í leikskólanum foreldrum mikið gildi og hjálpar til við að börnin upplifi tilveru sína heildstæða.

Foreldrar hjálpa einnig til við afleysingar. Ós er lítill skóli og þegar flensur ganga yfir þá finnur starfsfólkið mikið fyrir því þegar fáir veikjast. Þá er gott að geta leitað til foreldra sem að eru þá boðnir og búnir til þess að hjálpa til.

Einnig fá foreldrar ýmis önnur hlutverk eins og fram hefur komið þá er á hverjum tíma fimm manna stjórn en einnig eru ýmis önnur hlutverk eins og tæknifulltrúi, öryggisfulltrúi, foreldri sem sækir fiskinn og ýmislegt annað.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Á síðasta ári var ekkert samstarf við grunnskóla einfaldlega vegna þess að engin skólahópur var á leikskólanum. Þegar Ós var á Bergþórugötunni þá var samstarf við Austurbæjarskóla en nú eftir flutninga er verið að leita eftir samstarfi við grunnskóla í hverfinu.

Ósk okkar er að börnin fái að heimsækja allavega einn eða fleiri grunnskóla og fái smá innsýn inn í starfið í skólunum. Áætlað er að heimsóknir fari fram í vor.

9 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar á Ósi verða:

7. ágúst og er sá dagur notaður til þess að undirbúa vetrarstarfið.

21. október þá kemur aðili frá netþjónustufyrirtækinu Karellen og fer yfir notkun á nýju kerfi sem verið er að taka upp á Ósi.

22. nóvember verður síðasti starfsdagurinn á önninni en þá kemur Rauði krossinn og verður með skyndihjálpar námskeið.

25. febrúar verður fyrsti starfsdagur vor annar

31. maí og 3. júní er síðan áætlað að fara í starfsmanna ferð

Ekki náðist að hafa starfsdaga Ós á sama tíma og grunnskólarnir í hverfinu en í staðin þá koma þeir upp í haust og vetrarfríum.

10 Fylgigögn

10.1 Umsögn foreldraráðs

Á Barnaheimilinu Ósi er ekki starfandi eiginlegt foreldraráð en segja má að allir foreldrar á Ósi eigi sæti í foreldraráði. Líkt og fram hefur komið er skólinn rekinn af foreldrum og ber stjórn sem skipuð er foreldrum meginábyrgð á rekstri skólans. Foreldrar hittast einu sinni í mánuði á stórfundum þar sem leikskólastjóri gerir grein fyrir starfinu auk þess sem málefni skólans eru rædd. Upplýsingaflæði milli foreldra og starfsfólks er því mjög gott en mikil og persónuleg samskipti milli foreldra og starfsfólks hefur alla tíð einkennt Ós og hafa nýir foreldrar verið hvattir til að kynnast starfsfólki vel. Foreldrar á Ósi eru alltaf velkomnir til að taka þátt í starfinu á Ósi, þannig eiga foreldra kost á því að leysa af þegar veikindi eða önnur forföll verða hjá starfsfólki eða einfaldlega með því að borða morgunverð með börnunum á morgnanna, taka þátt í söngstund eða setjast niður í upphafi eða lok dags, spjalla við börn og starfsfólk og kynnast þannig starfsfólki og öðrum börnum í skólanum. Foreldrar hafa mikil samskipti sín á milli og algengt er að sterk vinátta myndist milli foreldra eftir veruna á Ósi.

Á stórfundum síðastliðinn vetur var skólanámskrá skólans töluvert rædd og hugmyndir foreldra um það hvað leggja bæri áherslu á í nýrri skólanámskrá Óss. Ákveðið var að foreldrar kæmu að vinnslu skólanámskrár í samvinnu við leikskólastjóra og kjarnastjóra. Mikil bjartsýni ríkir nú meðal foreldra á Ósi, óvenju stór hluti foreldra er að kynnast Ósi í fyrsta sinn og mikill hugur er í hópnum. Almenn ánægja ríkir meðal foreldra um þær áherslur sem nýr leikskólastjóri hefur kynnt og sýna foreldrar því skilning að flutningar skólans og aðlögun barna, starfsfólks og leikskólastjóra setti mark sitt á liðinn vetur.

f.h. stjórnar,

Guðríður Lára Þrastardóttir, móðir Guðmundar Kára 5 ára.

Stjórn Barnaheimilisins Óss:

Sindri Leifsson

Edda Halldórsdóttir

Maarit Kaipainen

Guðríður Lára Prastardóttir

Myrra Leifsdóttir

F. h. leikskólans Barnaheimilisins Óss,
Sigrún Eiríksdóttir.

Leikskólastjóri

Dagsetning